

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Guðrún Pálsdóttir og Magnús Tryggvason

Afboða, mæta ekki : Júlía Þorvaldsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson og Árni Stefánsson

Fundur 04.11 2025 settur kl. 18.00

1. Mót og sarfsemi

- a. ÍM25 verður haldið í Laugardalslaug 7 – 9. nóvember. 217 keppendur eru skráðir til leiks frá 9 liðum Mönnun á mótið gengur vel en eftir á að fylla í nokkrar stöður m.a þul. Samstarfsaðili mótsins er SRR en mótastjórn SSÍ undir forrystu Leifs Guðna hefur umsjón með mótinu. Mótinu verður streymt og Ólafur og Hrafnhildur munu sjá um miðlun af mótinu. Mótið verður sett upp á fimmtudag kl: 18.
- b. Undirbúningur fyrir NM sem haldið verður í Laugardalslaug 28-30. nóv er á fullu og er mótastjórn SSÍ að vinna í málum og mun sjá um stjórn mótsins en einnig er leitað að framkvæmdaraðila til að halda mótið með okkur. Stjórn SSÍ lýsir yfir miklum vonbrigðum að Laugardalslaug verði ekki tilbúin með nýjan skjá fyrir mótið þrátt fyrir 10 mánaða fyrirvara til undirbúnings. Farið var yfir bréf til forsvarsfólks laugarinnar vegna málsins.
- c. Búið er að ná samkomulagi við Ólaf Árdal Sigurðsson og Hrafnhildi Lúthersdóttur varðandi fjölmiðlamál og samfélagsmiðla fram yfir RIG 2026. Samkomulagið er byggt á þeim tillögum sem kynntar voru á síðasta fundi.
- d. Sundsamband Íslands, í samstarfi við European Aquatics (EA) héldu alþjóðlegt námskeið undir yfirskriftinni Swim Safe Europe – Learn to Swim. Markmið námskeiðsins var að efla faglega hæfni þjálfara, sundkennara og leiðbeinenda og tryggja samræmd gæði í sundkennslu barna, auk þess að stuðla að auknu öryggi barna. Námskeiðið fór vel fram og tókst með miklum ágætum. Framkvæmdastjóri, ritari og formaður hittum fyrirlesara á vegum EA eftir námskeiðið og fóru yfir málin.
- e. Farið var yfir erindi sem sent var á Willum Þór Willumsson forseta ÍSÍ og gert var grein fyrir fundi sem formaður og framkvæmdstjóri áttu með honum í kjölfarið. Forseti ÍSÍ sýnir sjónarmiðum SSÍ mikinn skilning og er velviljaður í garð okkar.
- f. Til stóð að þessum fundi yrði stiklað á stóru í fjármálum SSÍ og farið yfir ýmsa kostnaðarliði og hvernig fjármagn kemur inn í sambandið ásamt öðrum tölulegum upplýsingum. Vegna tímaskorts hefur ekki náðst að koma þessum upplýsingum saman í tíma þannig að málinu er frestað til næsta fundar.
- g. Farið var yfir umsókn til afrekssjóðs vegna 2026 en áður en umsóknafrestur rann út hafði framkvæmdastjóri sótt kynningafund hjá AMÍ vegna umsóknarinnar. Þetta er mjög yfirgripsmikil skjöl og að mörgu að hyggja. Í kjölfar umsóknarinnar áttu formaður, framkvæmdstjóri og yfirmaður landsliðsmála fyrir í dag fund með afreksmiðstöð vegna umsóknarinnar.
- h. Formaður SSÍ ásamt forseta ÍSÍ og Valdimari Viðissyni bæjarstjóra Hafnarfjarðar settu átakið „Syndum“ í Ásvallalaug í gær,3.nóv ásamt fulltrúum frá SH og glæsilegum hóp af ungum sundmönnum frá félaginu sem syntu átakið í gang.
- i. Formaður hefur átt samtöl fundi vegna agabrota sem komu upp í verkefnum á vegum sambandsins í sumar í samvinnu við þjálfara viðkomandi aðila.
- j. Farið var yfir tillögur frá SH vegna hugmynda um breytingar á reglugerðum vegna móta. Tillagan var Bæta við „félög“ í seinni tillögu. Fyrri tillögu hafnað af stjórn. Svar verður sent til SH.

k. Hörður varðandi fund vegna Waterpolo hugmynd.

2. Afreksmál

- a. Eftir viðburði septembermánaðar heimsótti yfirmaður landsliðsmála eftirtalin félög sem eiga sundfólk í Unglingalandsliðs, Úrvalshóp og Afrekslandsliði: ÍA, Ármanns, SH, ÍRB og Aalborg (AS). Í heimsóknum var tekin fundur með þjálfurum og kíkt á æfingu.
- b. Til að ná að hitta allt okkar besta fólk (WA B-lágmark) fór Eyleifur í heimsókn til AS sem var í æfingabúðum í Ungverjalandi, fylgdist þar með æfingum á átti góða fundi með Snæfríði Sól og þjálfara hennar Björn Sörensen. Í lok október fór Eyleifur svo í heimsókn til University of South Carolina þar sem Einar Margeir æfir og stundar nám. Eyleifur átti einnig mjög góða fundi með Einari og þjálfurum hans (Jason, Jeff, Niels og Robert).
- c. Eyleifur og Ólafur fóru með hóp af okkar besta sundfólki á World Cup í Toronto frá 21-26. október. Ferðin var mjög vel heppnum og var skipulögð fyrir þá sem voru með WAB lágmark eða búin að tryggja sig inn á EM25 í lok síðasta sundárs. World Cup er frábær undirbúinir fyrir EM25 í desember. Með í för voru þau Birnir Freyr, Einar Margeir, Guðmundur Leo, Jóhanna Elín, Símon Elías og Snorri Dagur. Einnig kepptu á mótinu Guðbjörg Bjartey á vegum ÍA og Stefán Elías sem keppti á mótinu ásamt æfingafélögum í University of Toronto. En þau voru bæði skráð í gegnum SSÍ, þar sem eingöngu er hægt að skrá keppendur á World Aquatic mót í gegnum það land viðkomandi hefur ríkisfang.

3. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- a. Farið var yfir fundargerð dómara nefndar nr: 137
- b. Staðfest er að þau Ragnheiður Birna og Tómas Gísli fara sem dómara á EM í Póllandi

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
09.10.2025	Styrkir vegna kostnaðarþáttöku í landslið	ÍSÍ
10.10.2025	Upplýsingarbréf vegna Skattamála	ÍSÍ
30.10.2025	Stefna ÍSÍ um verndun og velferð	ÍSÍ

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.				

6. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
-------	-------	--------	-------	-------	--------

Engin ný met lágu fyrir

7. Önnur mál:

- a. Formannafundur ÍSÍ verður haldin 21. nóvember n.k. Formaður og framkvæmdastjóri mæta á fundinn f.h SSÍ.
- b. Tilkynning barst frá ÍSÍ um að Vésteinn Hafsteinsson hafi alveg sagt skilið við starf sitt hjá Afreksmiðstöð Íslands.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 19.45

Næsti fundur er 2. desember kl 18.00